

Nd.

24. Frumvarp

til laga um stofnun grasbýla.

Flutningsm.: Jóhann Eyjólfsson.

1. gr.

Grasbýli má stofna á Íslandi samkvæmt lögum þessum, og veitist landsstjórninni heimild til að lána úr landssjóði til að stofnsetja allt að 10 slík býli á ári, samkvæmt því, er segir í 10. gr. Ef fleiri menn á ári sækja um þessi lán til landsstjórnarinnar, skal fara eftir fyrirmælun þeim og reglum, sem sagt er í 9. gr.

2. gr.

Skilyrði fyrir því að grasbýli verði stofnsett og fái grasbýlisrjett og njóti styrks samkvæmt lögum þessum, er:

- a. að nógu stórt land fái til grasbýlis samkvæmt 3. gr.;
- b. að landið sje eftir áliti virðingarmanna sæmilega vel fallið til túnræktunar og garðyrkju, og skulu virðingarmenn að aflokinni skoðun gefa nákvæma skýrslu um landið, um kosti þess og ókosti, hve' langt það liggi frá góðum akvegi og úr hvaða landi það eigi að byggjast og í hvaða hreppi;

- c. að grasbýlisstofnandi eigi ekki minni eigindóm að frádregnum skuldum en 2000 krónur, samkvæmt mati virðingarmanna;
- d. að sýslunefnd taki ábyrgð á láni því, er veitt er til grasbýlis, alt að $\frac{1}{5}$ á móti landssjóði.

3. gr.

Ekki má stofna grasbýli með minna landi en 10 hekturum. Ef samkomulag fæst við jarðeiganda um að grasbýli sje stofnað í landi hans, skal þá þegar ákveða stærð landsins, og glögg merki um það, og ef land þetta fær svo löglegan grasbýlisrjett, þá getur jarðeigandi krafist þess, að grasbýlisbóndi girði land þetta strax á fyrsta ári, með góðri og fjárheldri girðingu, samkvæmt gildandi girðingarlögum. Grasbýlisbóndi er einn skyldur að gera slíka girðingu og halda henni við.

4. gr.

Þegar grasbýlisstofnandi og jarðareigandi hafa komið sjer saman um stofnun grasbýlis, og virðingarmenn eru búnir að meta og skoða landið, samkvæmt 6. gr., þá gera þeir um það skriflegan samning, eftir formi, er stjórnarráðið semur og sem sniðið er samkvæmt lögum þessum. Slík eyðublöð sjeu alt af fyrirbyggjandi hjá sýslumönnum. Þó er þessi samningur því að eins gildur, að hann fái samþykki og staðfestingu stjórnarráðsins, og skal honum þá þinglýst á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Að undanteknum ákvæðum 7. gr., skal grasbýli eða grasbýlisrjettur æfinlega vera keyptur og seldur með erfðafesturjetti, og tilheyrir landið jörðinni, sem það er bygt úr, en grasbýlisbóndi greiðir árlega leigu, sem er fastákveðin í samningsbrjefinu. Ef landið hefir engin sjerstök gæði eða hlunnindi, skal leigan vera 75 aurar fyrir hvern hektara af óræktuðu- og arðlausu landi, en kr. 1,50 fyrir hvern hektara af því landi, sem eitthvað má nota til heyskapar, og sòmuleiðis fyrir hvern hektara jafnóðum og hann kemst í rækt, hvort heldur í tún, akra eða flæðiengi, þar til 3 hektarar eru ræktaðir, en fyrir það sem ræktað verður þar fram yfir, skal greiða 3 krónur fyrir hvern hektara. Virðingarmenn meta til leigu hið óyrkta land í samfjelagi við jarðeiganda og grasbýlisstofnanda. Framangreindan leigumála má þó hækka og lækka eftir atvikum, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það og stjórnarráðið samþykkir.

6. gr.

Þegar sá, er grasbýli vill stofna og sá, er land vill til þess leggja, hafa komið sjer saman um að stofna slíkt býli, án þess þó að hafa gert samning um það, þá tilkynna þeir það sýslumanni, og kveður hann þá til tvo óvilhalla valinkunna og áreiðanlega menn, til að vera virðingarmenn.

Verksvið þeirra er:

- a. að mæla land það, er til grasbýlis skal leggja, og ákveða stærð þess, og setja glögg og greinileg merki um það, samkvæmt 3. gr.;
- b. að skoða landið vel og nákvæmlega, og gefa um það ítarlega skýrslu, samkvæmt 2. gr.;
- c. að meta landið til leigu, samkvæmt 5. gr.;

d. að rannsaka efnahag grasbýlisstofnanda og virða eignir hans, samkvæmt 2. gr.

Skýrslu þessa senda virðingarmenn að afloknu starfi sínu tafarlaust til sýslumanns. Hver virðingarmaður fær 5 krónur í þóknun fyrir starf sitt, og ber grasbýlisstofnanda að greiða gjaldið.

7. gr.

Ef grasbýlisstofnandi getur fengið keypt og kaupir land undir grasbýli til fullkominnar eignar, er hefir stærð og kosti samkvæmt því er lög þessi áskilja, þá hefir það að öllu leyti sama rétt og lönd þau, er leigð eru á erfðafestu; sama er og, ef hann síðar kaupir til fullrar eignar land það, er hann í byrjun tók á erfðafestu, þá heldur það að fullu rjetti sínum sem grasbýli.

8. gr.

Nú hefir einhver látið mæla sjer út grasbýli, og vill fá löglegan grasbýlisrjett, skal hann þá senda stjórnarráðinu umsókn, ásamt skýrslu virðingarmanna, og önnur tilheyrandi skjöl, fyrir októbermánaðarlok.

9. gr.

Fyrir 31. desember skal svo stjórnarráðið hafa ákveðið, hverjar af umsóknunum beri að taka til greina, og tilkynna það svo hlutaðeigandi umsækjendum með fyrstu póstferð eftir nýjár. Ef ekki hafa komið fram nema 10 umsóknir eða minna, skal veita þeim öllum rjett til grasbýlisstofnunar og lán samkvæmt lögum þessum, svo framt að öll skjöl og skilríki sanni, að öllu sje fullnægt, sem lög þessi heimta. En ef fleiri umsóknir koma, svo að sumum verði veittur þessi rjettur, en öðrum verði frá að visa, þá skal aðallega lagt til grundvallar fyrir veitingunni, það sem hjer segir:

- a. að grasbýlið sje sem best fallið til ræktunar, bæði fyrir tún og matjurtgarða, og að það sje sem allra stærst;
- b. að það liggi sem næst kaupstað, sem hefir góða verslun;
- c. að það liggi sem næst góðum akvegi;
- d. ef ekki er mikill skilyrðamunur að öðru leyti, skal stjórnarráðið hafa það hugfast, að setja býlin þar niður að öðru jöfnu, sem grasbýlisbóndanum eru trygð sem bezt og þægilegust verslunarviðskifti fyrir afurðir sínar. Það skal lagt til grundvallar að verslunarvaran verði aðallega kúamjólk og garðaávöxtur, og svo hænuegg.

10. gr.

Hver grasbýlis bóndi, sem grasbýlisrjett hefir fengið, getur fengið lán úr landssjóði:

- a. Til húsabygginga alt að 1000 krónur, þó aldrei nema það hálfu af virðingarverði húsanna;
- b. Til girðinga um tún, engi, akra eða beitolönd alt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar í löggiltri girðing;
- c. Til ræktunar, hvort heldur er til túnræktunar eða garðræktunar, alt að 300 krónur fyrir hvern hektara;
- d. Til flóðgarða alt að $\frac{2}{3}$ af því sem verkið kostar eftir mati virðingarmanna.

Lánið veitist jafnóðum og búíð er að vinna, en ekkert fyrir fram. Ef grasbýlisland er 10 hektarar má veita lán til þess, ef fyrir því er unnið, alt að 3000 krónur, ef það er 15 hektarar alt að 4000 krónur, og ef landið er 20 hektarar, eða stærra, má veita því lán alt að 5000 krónur. Ekkert grasbýli, hversu stórt sem það er, getur fengið stærra lán en 5000 krónur.

11. gr.

Grasbýlis bóndi getur, hve nær sem hann vill, látið mæla jarðabætur sínar, og fengið skýrslu um þær. Skýrslu þá sendir hann svo stjórnarráðinu, og getur hann þá þegar fengið lán það, sem hann er búinn að vinna fyrir. Þegar 10 ár eru liðin frá því grasbýlið var stofnað, skipar sýslumaður tvo óvilhalla og áreiðanlega menn, til að mæla og skoða allar þær jarðabætur, er unnar hafa verið á býlinu frá byrjun. Ef þá mælist svo, að jarðabæturnar eru meiri en hann hefir fengið lán fyrir, þá getur hann þegar fengið það, sem til vantar, samkvæmt því sem lög þessi heimila. En ef svo mælist, að jarðabæturnar eru minni en hann hefir fengið lán fyrir, þá verður hann strax að endurgreiða það, sem hann hefir fengið umfram það, sem lögin ákveða. Grasbýlisbóndi er skyldur á meðan hann stendur í skuld við landssjóð, að viðhalda vel og vandlega öllum mannvirkjum og jarðabótum, sem hann hefur fengið lán fyrir.

12. gr.

Í fyrstu 10 árin frá því grasbýli er stofnað veitist lán úr landssjóði til byggingar og ræktunar landsins, samkvæmt 10. gr.; á þeim tíma er lánið afborgunarlaust, en vextir eru greiddir árlega 4%. Þegar þessi 10 ár eru liðin frá því býlið var stofnað, skal alt það lán, sem þá er ófallið, greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 30 árum, ásamt 4% i vexti, svo að þessi skuld sje að fullu greidd eftir 40 ár frá því grasbýlið var stofnað.

13. gr.

Til tryggingar fyrir greiðslu á láni því, sem þannig er veitt til stofnunar grasbýlis, skal grasbýlið veðsett landssjóði með fyrsta veðrjetti, og heldur landssjóður því veði þar til skuldin er greidd að fullu.

14. gr.

Ef grasbýlisbóndi á býli sitt og vill selja, og sómuleiðis ef hann hefir fengið það með erfðafesturjetti, og vill selja erfðafesturjett sinn, þá hefir jarðar-eigandi fyrsta forkaupsrjett, en annan forkaupsrjett hefir hreppurinn, þar sem býlið hefir verið bygt.

15. gr.

Ef svo skyldi reynast að ekki yrði hægt að ná samkomulagi við jarðar-eigendur um, að fá sæmilega stór og góð lönd til grasbýla, þá er landsstjórninni veitt heimild til að kaupa alt að fjórar jarðir á ári í því augnamiði, að skifta þeim niður í grasbýli. Þegar um slik landakaup er að ræða, svo sem hvar jarðirnar liggja, og um hverja kosti þær hafa, skal aðallega fara eftir sömu reglum, sem ákveðið er í 9. gr. um skilyrði fyrir stofnun grasbýla.

16. gr.

Ef jörð er keypt undir grasbýli, samkvæmt 15. gr., þá skal stjórnarráðið fela sýslunefnd í þeirri sýslu sem jörðin er, að sjá um og annast, að henni sje skift niður í ákveðin grasbýli. Hverju slíku býli skulu fylgja 25—50 hektarar, eftir því hvað landið er gott og vel fallið til ræktunar. Það skal aðallega lagt til grundvallar, að grasbýli þessi hafi landsstærð af meðallagi góðu landi, um 35 hektara. Merki skal strax setja um hin fyrirhuguðu grasbýli, með litlum vörðum annaðhvort úr grjóti eða torfi. Merkin skulu vera sett eftir svo beinum línnum sem hægt er. Við verk þetta skulu vera 3 menn, sem sýslunefndin kys, og skal að minsta kosti einn þeirra vera úr sýslunefndinni. Hver þessara manna fær 4 krónur á dag í þóknun, er greiðist úr landssjóði.

17. gr.

Aðaljörðin skal, þar til öðruvísi verður ákveðið, ekki teljast eða meðhöndlast sem grasbýli. Henni fylgja öll innstæðukúgildi og allar byggingar jarðarinnar, svo og tún og matjurtagarðar, einnig eitthvað meira eða minna af öðru landi, eftir því er skiflingamenn, samkvæmt tillögum sýslunefndar, álíta best við eiga. Henni fylgja einnig hin afmældu grasbýlislönd, fleiri eða færri, þangað til að þau eru tekin til að stofna á þeim býli. Sýslunefndin hefir umráð yfir þessum jörðum, og annast um byggingu á þeim, og er hún skyld að gera það á þann hátt að hagur landssjóðs sje sem best og fullkomnast trygður. Jarðir þessar skulu teknar út og bygðar með álagsskyldu, samkvæmt gildandi ábúðarlögum. Aldrei má byggja slíkar jarðir lengur en til 10 ára.

18. gr.

Ef eitthvað er það af húsum og mannvirkjum á jörðunni, svo sem fjárhús og hesthús o. fl., sem leigjandi þykist ekki þurfa, og sem sýslunefndin álitur að alls ekki muni þurfa handa jörðinni í sjáanlegri framtíð, sökum þess hvað hún er orðin litil, þá skal selja slík hús og mannvirki á opinberu uppboði.

19. gr.

Grasbýli þau er þannig eru stofnuð á landssjóðsjörðum, meðhöndlast á sama hátt, og hafa sama rjett og grasbýli þau, er stofnuð eru í einstakra manna löndum.